

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá  
fyrir Sagnfræðisjóð Björns Þorsteinssonar, nr. 525/1986.**

### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

#### 4. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárfamlögum stúdenta í meistaránámi í sagnfræði eða stúdenta sem hafa nýlokið meistaraprófi í sagnfræði til að rannsaka og vinna að ritum um sérstök efni, er varða sögu Íslands eða efni því nátengt. Veita má manni styrk til sams konar verkefna, er eigi hefur verið í HÍ, og er sérstakar ástæður mæla með því að mati stjórnar og öll stjórnin er sammála þar um.

#### 5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir útnefndir af eftirgreindum aðilum, einn af hverjum: Stjórn Sagnfræðistofnunar HÍ, stjórn Sögufélags og háskólaráði HÍ. Stjórnin kýs sér formann.

#### 7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Höfuðstóll sjóðsins er 8.000.000 kr. miðað við verðlag ársins 2018. Veita má styrki af vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins árlega. Aldrei má skerða höfuðstólinn.

### 2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Sagnfræðisjóð Björns Þorsteinssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 17. október 2019,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 1. nóvember 2019